

## REGLUGERÐ

um opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki.

### 1. gr.

Endurskoðendaráð heldur opinbera skrá, endurskoðendaskrá, yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa enda séu ákvæði 3. og 4. gr. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun uppfyllt.

Endurskoðendaráð gefur endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sérstakt númer sem þau eru auðkennd með í endurskoðendaskránni.

Skráin skal einnig vera aðgengileg á ensku.

### 2. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar fyrir endurskoðendur:

1. Nafn.
2. Kennitala.
3. Lögheimili.
4. Lögildingarár.
5. Endurskoðendanúmer útgefið af endurskoðendaráði.
6. Netfang endurskoðanda.
7. Upplýsingar um heiti félags, lögheimili, vefsetur og endurskoðendanúmer endurskoðunarfyrtækis þar sem endurskoðandi starfar, eða sem hann tengist sem meðeigandi eða á annan hátt, ef við á.
8. Upplýsingar um skráningu endurskoðanda hjá lögbærum yfirvöldum annarra ríkja.

### 3. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda eftirfarandi fyrir endurskoðunarfyrtæki:

1. Heiti félags og rekstrarform.
2. Kennitölu.
3. Lögheimili.
4. Skráð heimilisfang hjá öllum starfsstöðvum endurskoðunarfyrtækis.
5. Endurskoðendanúmer útgefið af endurskoðendaráði.
6. Vefsetur endurskoðunarfyrtækis.
7. Upplýsingar um framkvæmdastjóra/forsvarsmann.
8. Upplýsingar um hjá hvaða váttryggingafélagi endurskoðunarfyrtækið hefur starfsábyrgðartryggingu.

9. Nöfn og kennitölur eigenda og hluthafa endurskoðunarfyrtækisins, ásamt upplýsingum um starfsstöð viðkomandi.
10. Nöfn og kennitölur stjórnarmanna, varastjórnar og framkvæmdastjórnar endurskoðendafyrtækis, ásamt upplýsingum um starfsstöð viðkomandi.
11. Nöfn og endurskoðendanúmer allra endurskoðenda sem starfa hjá endurskoðunarfyrtækinu eða eru tengdir því sem meðeigendur eða á annan hátt.
12. Upplýsingar um aðild endurskoðunarfyrtækis að neti endurskoðunarfyrtækja og skrá yfir nöfn og heimilisföng aðildar- og eignatengdra fyrirtækja.
13. Upplýsingar um skráningu endurskoðunarfyrtækis sem endurskoðunaraðili hjá lögbærum yfirvöldum annarra ríkja, þ.m.t. nafn eða nöfn skráningaryfirvalds/a og skráningarnúmer endurskoðunarfyrtækis, ef við á.

4. gr.

Endurskoðendaskráin skal innihalda upplýsingar um yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu réttinda samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 94/2019 og yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með endurskoðendum samkvæmt sömu lögum.

5. gr.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður skal nafn hans fellt út af endurskoðendaskránni.

Endurskoðunarfyrtæki sem uppfyllir ekki lengur skilyrði 4. gr. og/eða 5. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun skal fellt út af endurskoðendaskránni.

6. gr.

Endurskoðendur og stjórnendur endurskoðunarfyrtækja bera ábyrgð á að upplýsingar sem fram koma í endurskoðendaskránni séu réttar og skulu þeir staðfesta upplýsingarnar með undirritun sinni.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki skulu, án ástæðulausra tafa, tilkynna endurskoðendaráði ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram koma í endurskoðendaskránni.

7. gr.

Endurskoðendaráð skal birta endurskoðendaskrá á heimasíðu ráðsins. Ekki skal þó birta upplýsingar um kennitölur og búsetu endurskoðenda.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 460/2011 um opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki.